

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um skerðingar lífeyristekna
vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

1. Hve margir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar urðu fyrir skerðingu greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2020 þrátt fyrir að útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögum nr. 129/1997 ætti skv. 8. mgr. ákvæðisins ekki að hafa áhrif á bætur?
2. Hver er heildarfjárhæð krafna um endurgreiðslu sem Tryggingastofnun sendi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2020 við uppgjör stofnunarinnar á tekjutengdum greiðslum ársins 2020?
3. Hve margir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa fengið skerðinguna leiðrétt og endurgreiðslukröfu Tryggingastofnunar fellda niður?
4. Hver er heildarfjárhæð leiðréttingar og niðurfellingar á endurgreiðslukröfum sem Tryggingastofnun sendi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 2020?
5. Hyggst ráðherra tryggja að sú skerðing greiðslna sem örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar urðu fyrir vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar, þrátt fyrir 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögum nr. 129/1997, verði leiðrétt að fullu? Ef svo er, hvernig mun ráðherra beita sér fyrir þessu?
6. Hvernig hyggst ráðherra koma í veg fyrir sams konar skerðingu greiðslna Tryggingastofnunar vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar á árinu 2021?

Skriflegt svar óskast.